



# KOMDU ÚT AÐ LEIKA



LEIKJABÓK SINALCO

## ALLIR ÚT AÐ LEIKA

Í þessari bók eru skemmtilegir leikir sem þú getur farið í með vinum þínum. Notaðu góða veðrið í sumar og vertu úti. Leikirnir eru frábærir fyrir útileguna eða í garðinum heima, á skólalóðinni eða bara þar sem hressir krakkar koma saman.

**Fjórið byrjar með Sinalco!**



# BRENNÓ ER LEIKUR SUMARSINS



Nú er tækifærið að sýna hvað í þér býr. Safnaðu saman í 5 manna lið og mættu á svæðið. Leitaðu að risastórri Sinalco flösku í bænum þínum og taktu þátt í spennandi móti. Verðlaun í boði fyrir sigurliðin!

Farðu á [sinalco.is](http://sinalco.is) og rifjaðu upp leikreglurnar í brennó.

SJÓARINN SÍKÁTI – GRINDAVÍK  
1. júní (laugard.)


KLAMBRATÚN – REYKJAVÍK  
17. júní (mánud.)

AKRANES – ÍRSKIR DAGAR  
6. júlí (laugard.)

ORMSTEITI – EGILSSTAÐIR  
12. ágúst (mánud.)



Fleiri Brennómót í vinnslu - Fylgstu með á facebook!



- ★ SMÁ PÚL
- ★ HÆTTA Á GRASGRÆNUM HNJÁM
- ★ FYRIR MARGA
- ★ FARID VARLEGA

## BRENNÓ




LEIKMENN: 4 eða fleiri

VÖLLUR: Opið svæði fyrir völl

ÁHÖLD: Bolti

LEIKREGLUR: Þátttakendum er skipt í tvö lið sem velja sér sitt hvorn höfðingjann. Miðlína aðskilur liðin. Höfðingjarnir fara í hinn enda vallarins, aftur fyrir mótherjana, og mega ekki fara inn á völlinn. Nú reyna liðin að skjóta andstæðinga sína og hjálpast liðsmenn og höfðinginn að. Þeir sem eru skotnir fara yfir til höfðingjans og hjálpa honum. Þegar einn er eftir úr liðinu fer höfðinginn yfir á sinn vallarhelming og á tvö líf, þ.e. það þarf að skjóta höfðingjann tvisvar. Liðið vinnur sem fyrst nær að skjóta allt hitt liðið og höfðingjann úr leik.





## AÐ VERPA EGGJUM



**LEIKMENN:** 2 eða fleiri

**VÖLLUR:** Húsveggur og slétt svæði

**ÁHÖLD:** Bolti

**LEIKREGLUR:** Leikmenn standa í röð fyrir framan vegginn og sá sem er fyrstur tekur boltann og kastar honum í vegginn. Um leið og hann kastar klappar hann einu sinni og hoppar svo yfir boltann. Þá tekur næsti við, kastar og klappar og hoppar svo yfir boltann. Í næstu umferð klappar fyrsti leikmaður tvisvar og hoppar yfir boltann. Í hverri umferð bætist alltaf við eitt klapp. Ef leikmaður nær ekki að klappa öll klöppin áður en hann hoppar yfir boltann dettur hann úr leik. Ef leikmaður nær ekki að hoppa yfir boltann eða nær ekki að láta hann lenda á milli lappa þá er hann einnig úr leik. Sá sem er síðastur eftir vinnur leikinn.

## FALLIN SPÝTA




**LEIKMENN:** 3 eða fleiri

**VÖLLUR:** Leikvöllur, tún eða annað opið svæði

**ÁHÖLD:** Spýta eða eitthvað svipað, t.d sköfla

**LEIKREGLUR:** Einn leikmaður er'ann. Spýtunni er stillt upp við vegg. Sá sem er hann grúfir sig hjá spýtunni og telur upp að 50. Á meðan hlaupa allir hinir í burtu og fela sig. Síðan á sá sem er'ann að reyna að finna hina. Ef hann sér einhvern á hann að hlaupa að spýtunni, fella hana og kalla nafn leikmannsins: „Fallin spýta fyrir Sigrúnu“. Þá er Sigrún úr leik. Ef sá sem fannst er á undan að fella spýtuna er hann hölpinn. Sá sem er fyrstur úr leik er'ann í næstu umferð.



## YFIR



- LEIKMENN:** 4 eða fleiri
- VÖLLUR:** Litil bygging, t.d. skúr eða hátt grindverk
- ÁHÖLD:** Bolti
- LEIKREGLUR:** Skipt er í tvö lið sem stilla sér upp sitt hvoru megin við húsið. Liðið sem byrjar með boltann kastar honum yfir húsið og kallar „yfir“. Ef einhverjum úr hinu liðinu tekst að gripa boltann kallar hann „gripið“. Þá eiga allir að hlaupa sama hringinn kringum húsið og sá sem greip reynir að kasta boltanum í eins marga í hinu liðinu og hann getur áður en þeir ná að klára hringinn. Þeir sem eru skotnir færa sig þá yfir í hitt liðið. Síðan er stillt upp aftur og næsta umferð hefst. Leiknum lýkur þegar allir eru komnir í annað liðið.


## ÞRIÐJI HLEYPUR



- LEIKMENN:** 4 eða fleiri
- VÖLLUR:** Autt svæði
- LEIKREGLUR:** Allir leikmenn para sig saman tveir og tveir og dreifa sér um völlinn þannig að annar leikmaðurinn stendur fyrir framan hinn. Eitt parið byrjar á miðjum vellinum. Annar hleypur af stað og hinn reynir að ná honum. Sá sem er að flýja getur komið sér fyrir fyrir aftan eitthvert parið og er þá stikkfrír. Þá hleypur sá sem stendur frammar í parinu og reynir að koma sér aftast hjá öðru pari áður en honum er náð. Ef sá sem er'ann nær honum þá snúast hlutverkin við.



## SINALCO Í FLÖSKU



LEIKMENN: 4 eða fleiri

LEIKREGLUR: Valinn er einn til að vera „Sinalco“. Hann snýr baki í hina og þeir halda í hann. Hann segir „Sinalco í ...“ einhverju, t.d. tösku, peysu, húsi. Allir eru kyrrir þangað til hann segir „Sinalco í flösku“. Þá hlaupa allir í burtu og hann reynir að klukka þá. Þeir sem næst verða að stoppa og standa með bil milli fótanna. Hinir sem ekki hafa verið klukkaðir geta frelsað þá með því að skriða í gegnum klofið á þeim. (Þessi leikur heitir upprunalega Eitur í flösku og er leikinn alveg eins).


## HLAUPA Í SKARÐIÐ



LEIKMENN: 4 eða fleiri

VÖLLUR: Autt svæði

LEIKREGLUR: Allir leikmenn raða sér í hring, haldast í hendur og snúa inn á við. Einn er'ann og hleypur í kringum hringinn. Hann velur sér einn leikmann og snertir hann á öxlina eða slær í rassinn, segir „klukk“ og hleypur af stað. Sá sem var klukkaður hleypur þá í gagnstæða átt og reynir að vera á undan í skarðið sem myndast þegar hann fer úr hringnum. Sá sem nær að vera á undan að komast í skarðið vinnur og snýr sér þá út á við. Sá sem tapaði er'ann og velur næsta leikmann til að klukka og hlaupa á móti. Leiknum er lokið þegar allir snúa út á við.



## PARÍS




LEIKMENN: 1 eða fleiri  
 VÖLLUR: Stétt eða malbikað svæði  
 ÁHÖLD: Kritt og steinvala eða annar  
 lítill hlutur til að kasta

LEIKREGLUR: Leikmenn byrja á því að teikna Parísarreitina. Gott er að hafa reitina það stóra að leikmenn geti aðveldlega staðið í þeim. Leikmenn ákveða í hvaða röð þeir ætla að keppa. Sá sem er fyrstur reynir að kasta steininum í fyrsta reitinn. Ef hann hittir hoppar hann á öðrum fæti á reitinn og svo til baka á byrjunarreit. Síðan kastar hann í reit 2 og svo koll af kolli. Ef hann hittir ekki á næsti að gera. Hoppað er á öðrum fæti í alla reiti nema í hendur og hausinn, þá er hoppað á báðum fótum. Þegar leikmaður hefur klárað alla reitina snýr hann baki í Parísarreitina og reynir að hitta í höfuðið. Ef hann hittir er hann búinn að vinna.







## DIMMALIMM



LEIKMENN: 2 eða fleiri

VÖLLUR: Í þennan leik þarf autt svæði og vegg eða línu

LEIKREGLUR: Fynn leikmaður er'ann. Hann grúfir sig upp að vegg eða við línu sem dregin er á jörðina á meðan hinir taka sér stöðu í hæfilegri fjarlægð hinum megin á vellinum. Sá sem er'ann grúfir sig og segir upphátt „einn, tveir, þrír, fjórir, fimm dimmalimm!“ og snýr sér hratt við. Á meðan hann telur eiga hinir að læðast upp að honum. Þegar hann snýr sér við eiga allir að stoppa strax og reyna að vera alveg kyrrir. Ef sá sem er'ann sér einhvern hreyfa sig þá er hann sendur aftur heim. Ef einhver kemst upp að veggnum þá er hann hölpinn í bili. Þegar síðasti leikmaðurinn kemst að þeim sem er'ann á hann að klukka hann. Þá hlaupa allir tilbaka á byrjunarreit og sá sem er'ann reynir að klukka einhvern. Ef það tekst á sá sem var klukkaður að ver'ann í næstu umferð. Annars er byrjað upp á nýtt.

## ASNI



LEIKMENN: 2 eða fleiri

VÖLLUR: Körfuboltakarfa og körfubolti

LEIKREGLUR: Leikmenn ákveða í hvaða röð þeir taka þátt í leiknum, t.d. eftir stafrofsröð þátttakenda. Sá sem byrjar tekur sér stöðu einhvers staðar á körfuboltavellinum og reynir að hitta í körfuna. Ef hann hittir á sá næsti að standa á sama stað og sá fyrri skaut og reyna að endurtaka skotið. Ef hann hittir tekur næsti við o.s.frv. þar til einhver hittir ekki. Þá fær sá sem hitti ekki stafinn „A“. Sá sem er fystur að safna öllum stöfunum, A-S-N-I, er úr leik. Keppt er þangað til einn keppandi er eftir og er hann þá sigurvegari.





## LÖGGUR OG BÓFAR




LEIKMENN: 4 eða fleiri

VÖLLUR: Autt svæði

LEIKREGLUR: Leikmönnum er skipt í tvo lið: Löggulið og bófalið. Liðin eiga heima á sitt hvorum enda vallarins. Vellinum er skipt í tvennt með línu sem er aðeins nær löggunum svo vallarhelmingur bófanna er aðeins stærrí. Síðan er dregin lína fyrir heimili bófanna og löggustöðina. Einn leikmaður er valinn sem stjórnandi. Hann byrjar á því að kalla fram bófana. Þeir leggjast á magann á miðlinuna. Löggurnar bíða á löggustöðinni. Stjórnandinn segir við bófana „skjótíð“ og þeir klappa með höndunum á jörðina og skjóta þannig á löggurnar. Þeir skjóta þar til stjórnandinn kallar á lögguna. Þá hlaupa löggurnar af stað og reyna að klukka sem flesta bófa. Bófarnir eru hölpnir ef þeir komast heim. Ef löggurnar ná bófa þarf hann að fara í fangelsi sem er hjá löggustöðinni. Leikurinn klárast þegar búið er að ná öllum bófunum.



## HOLLÍ HÚ



LEIKMENN: 4 eða fleiri

VÖLLUR: Gras, malbik eða mól, stærð ca. 20x40m

ÁHÖLD: Bolti

LEIKREGLUR: Þáttakendur raða sér hlið við hlið. Einn er'ann. Sá sem er hann ákveður eitthvað orð í huganum. Síðan stendur hann á mótí höpnum með boltann og kastar honum til þess sem stendur lengst til vinstri. Um leið og hann kastar boltanum kallar hann spurningu sem er til dæmis „B stelpunafn“. Þá á sá sem grípur að giska á stelpunafn sem byrjar á B og kasta boltanum strax til baka. Ef giskað er á rangt nafn er boltanum kastað til þess næsta í röðinni og áfram þar til einhver giskar á rétta orðið. Þá kastar sá sem er hann boltanum í jörðina og lætur hann skoppa upp í loft, kallar „Hollí“ og hleypur í burtu. Sá sem giskaði rétt grípur boltann og kallar „Hú“. Þá stoppar sá sem er hann strax og gerir körfu með höndunum. Sá sem giskaði rétt tekur þrjú risa-skref og þrjú hænu-skref í áttina að honum og reynir að hitta boltanum í körfuna. Ef það tekst þá fær sá sem skaut að ver'ann.

## FLEIRI FRÁBÆRIR LEIKIR!

Reglurnar fyrir þá má finna á Facebook-síðu Sinalco.

Í sumar setjum við svo miklu fleiri leiki á síðuna okkar.

★ SNŪ SNŪ

★ TEYGJUTVIST

★ HŪLA

★ LIMBÓ

★ KRÓKÓDÍLL KRÓKÓDÍLL

★ FRISSBÍ

Komdu út að leika með Sinalco!

# KIKTU Í TAPPANN!



Glæsilegir vinningar!

Sláðu inn númerið í tappanum á facebook-síðu Sinalco og þú kemst strax að því hvort þú hafir unnið.



**lenovo SONY**

Lenovo fartölva

Lenovo spjaldtölvur

Sony myndavélar

Sony Xperia Tipo símar

Sony heyrnartöl

500 Sinalco kippur

500 Gðu gjafaöskjur

500 vinningar frá KFC

og Taco Bell

Fylgstu með á facebook

